

Tónlistin er lífið

en hvers
ber að gæta
við opinberan flutning?



Tónlist

í verslunum, líkamsræktarstöðvum, hárgreiðslustofum, biðstofum og á öðrum sambærilegum stöðum

Tónlist er mikilvæg í daglegu lífi og snar þáttur í verslunar- og þjónustustarfsemi. Tónlistin léttir störfina og viðmót starfsmanna og viðskiptavina verður betra. En rétt eins og greiða þarf fyrir aðra þætti í starfseminni þarf að greiða fyrir tónlistina. Þess vegna þarf leyfi að liggja fyrir áður en tónlist er leikin. Ekki skiptir máli hvort tónlistin kemur úr útvarpi, sjónvarpi eða annars staðar frá eða hvort hún er innlend eða erlend.

Greiðsla til STEFs

Leyfisgjaldið fer eftir stærð staðar og miðast við gjaldskrá sem er að finna á heimasíðu STEFs, www.stef.is. Á heimasíðunni er einnig að finna eyðublað sem hægt er að fylla út og senda skrifstofu STEFs.

Flestum er ljóst að greiðsla til STEFs skilar sér tvímælaust til baka í auknum viðskiptum og ánægðum viðskiptavinum.



Tónlist

á veitingahúsum og hótelum

Hver á að sækja um leyfið?

Forsvarsmenn veitinga- og gistihúsa þar sem tónlist er flutt opinberlega þurfa heimild frá STEFi. Það nægir að senda skrifstofu STEFs umsókn, en eyðublað má nálgast á www.stef.is. Leyfisgjald fer eftir gjaldskrá sem samþykkt er af Samtökum ferðapjónustunnar og staðfest af menntamálaráðuneytinu.

Aðrir sem nota aðstöðuna

Þegar félag, stofnanir eða aðrir halda dansleiki eða veislur í salarkynnum veitingahúss þarf að afla leyfis hjá STEFi og greiða samkvæmt gildandi gjaldskrá. Ábyrgð á greiðslu leyfisgjalda af samkomum utanaðkomandi aðila í veitingahúsinu hvílir bæði á samkomuhaldaranum og veitingahúsinu. Sé um lokuð einkasamkvæmi að ræða, svo sem afmæli, fermingar- eða brúðkaupsveislur, þarf ekki að greiða gjald til STEFs.

Hvernig reiknast gjaldið?

Leyfisgjald veitingahúss fer eftir fjölda sæta, hvort það hefur vínveitingaleyfi, opnunartíma og hvaða hlutverki tónlistin gegnir á staðnum. Þannig greiðir matsölustaður með bakgrunnstónlist lægra gjald en veitingahús með danstónlist.

Hótel og aðrir gististaðir, þar sem tónlist er flutt, hvort sem er á gistiherbergjum, í setustofum eða annars staðar, greiða í samræmi við fjölda gistiherbergja og að auki gjald fyrir veitingasali.

Gjaldskrá er að finna á www.stef.is.



Tónlist á tónleikum og öðrum opinberum samkomum

Hafa skal samband við STEF áður en samkoma er haldin

Í lögum er skýrt kveðið á um að STEFi er falið að innheimta höfundarréttargjald af tónlistarflutningi. Sé tónlist leikin af hljómplötum er einnig innheimt gjald sem rennur til flytjenda og útgefenda. Sækja þarf um leyfi áður en samkomur eru haldnar. Sé það ekki gert, er það brot á lögum og getur verið skaðabótaskyld. Skipuleggjendur sem ganga frá greiðslu fyrir fram gera ráð fyrir henni í fjárhagsáætlun og eiga ekki á hættu að fá óvæntan reikning frá STEFi þegar búið er að gera upp og ráðstafa tekjunum.

Hlutverk skipuleggjanda

Greiða ber leyfisgjald fyrir opinberan tónlistarflutning og er sá sem stendur fyrir skemmtun eða samkomu alltaf ábyrgur fyrir því að sækja um leyfið og greiða til STEFs. Ábyrgð á greiðslu hvílir jafnframt á þeim sem leggur til húsnæði undir samkomuna. Hafa ber í huga að höfundarréttargjöld eru ekki innifalin í launum flytjenda eða öfugt.

Gjaldið fer eftir eðli samkomunnar

Nauðsynlegt er fyrir STEF að fá upplýsingar um eðli samkomu, t.d. er ekki sama gjald fyrir tónleika og leiksýningu, því gjaldið fer eftir fjölda gesta og aðgangseyri. Nánari upplýsingar um gjaldskrá fyrir samkomur og tónleika eru á www.stef.is.



Hlutverk STEFs

Markmið STEFs er að tryggja höfundum sanngjarna þóknun fyrir afnot af tónlist þeirra og stuðla þannig að því að alltaf sé samin ný tónlist til hagsbóta fyrir þjóðfélagið allt. STEF var stofnað árið 1948 af tónskáldum og textahöfundum til að vernda hagsmuni þeirra. Með löggildingu hins opinbera innheimtir STEF og úthlutar aftur þeim fjárhæðum sem höfundar eiga kröfu til, að frádregnum kostnaði við innheimtu og rekstur. Nær allir íslenskir tón- og textahöfundar eiga aðild að STEFi. Að auki hefur STEF gert samninga við systursamtök sín erlendis og er þannig í fyrirvari fyrir höfunda allrar tónlistar sem flutt er hér á landi.

Hvernig er höfundagreiðslum úthlutað?

STEF leitast við að tryggja eins réttláta skiptingu á hinu innheimta fé og hægt er, þannig að höfundar fái greitt í samræmi við flutning tónlistar sinnar. STEF fær upplýsingar frá útvarps- og sjónvarpsstöðvum hér á landi um þá tónlist sem þær senda út og einnig er fylgst með flutningi tónlistar á tónleikum og á öðrum opinberum vettvangi. Þetta gefur skýra mynd af tónlistarnotkun og jafnframt losna fyrirtæki, verslanir og aðrir við skráningu á tónlistarflutningi. Öllu sem STEF innheimtir er síðan úthlutað til innlendra og erlendra rétthafa, að frádregnum kostnaði.

Samvinna við flytjendur og útgefendur

Þegar tónlist er leikin opinberlega af hljóðritum eiga flytjendur og útgefendur rétt á greiðslu. SFH, Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda, fer með rétt þeirra en til þess að gera notendum tónlistar auðveldara fyrir veitir STEF einnig leyfi til tónlistarflutnings fyrir hönd SFH.



STEF

Samband tónskálda og eigenda flutningsréttar

Opinber flutningur tónlistar

Í nær öllum tilfellum þar sem ekki er verið að leika tónlist innan fjögurra veggja heimilisins er um opinberan flutning að ræða. Því eru allir staðir, þar sem tekið er á móti viðskiptavinum, „opinberir“ í skilningi höfundalaganna. Þegar tónlist er leikin á samkomum félaga og klúbba telst það líka opinber flutningur.

Auðvelt að afla heimildar

STEF auðveldar öllum að afla heimildar til opinbers tónlistarflutnings, því hægt er á einum stað að fá heimild til að leika tónlist allra heimsins höfunda í stað þess að semja sérstaklega við hvern og einn. Gjaldskrá fyrir flutning er háð samþykki yfirvalda og er því sanngirni gætt gagnvart bæði höfundum og notendum tónlistar.

Algengur misskilningur

Sumir halda að þeim sé frjálst að leika tónlist fyrir viðskiptavinum sína af því að STEF fær greitt frá sjónvarps- eða útvarpsstöðvum. Greiðsla útvarpsstöðvar til STEFs er aðeins fyrir heimild til að senda út tónlist, en leyfir viðtakanda ekki að flytja tónlistina þar sem hún nær eyrum almennings. Þannig að ef útvarps- eða sjónvarpstæki er í notkun á stöðum sem almenningur hefur aðgang að, þarf að sækja um leyfi hjá STEFi.

Einfalt mál

STEF leitast við að gera það eins einfalt og hægt er fyrir notendur að njóta tónlistar og greiða fyrir hana. Því þurfa tónlistarnotendur aðeins að hafa samband við skrifstofu STEFs og greiða á einum stað.

Opið alla virka daga frá kl. 10.00 til 12.00 og frá kl. 13.00 til 15.00.

